



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Húsavík, 12. desember 2023

**Efni: Umsögn stjórnar Náttúrustofu Norðausturlands varðandi lög um Náttúrufræðistofnun, 479. mál.**

Náttúrustofa Norðausturlands (NNA) fékk þann 16. nóvember sl. sent til umsagnar frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, 479. mál. Stjórn NNA hefur nú tekið málið til umfjöllunar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn (RAMÝ) var stofnuð með lögum um verndun Mývatns og Laxár en þau lög byggja á sáttargjörð aðila að Laxárdeilunni frá árinu 1973, þar sem heimamenn stóðu vörð um náttúru svæðisins. Mikilvægt er því að heimamenn séu með í ráðum þegar fjallað er um framtíð RAMÝ og hugsanlega sameiningu við stóra ríkisstofnun á höfuðborgarsvæðinu. Í skýringum með frumvarpi að lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 97/2004 kemur fram grunnhugmyndin að baki því að RAMÝ var gerð að sjálfstæðri ríkisstofnun fól í sér markmið um eflingu bæði vísindastarfs og byggðar. Efling byggðar í Mývatnssveit næst best fram með því að þar fari fram heilsársstarfsemi sem hluti af því samfélagi sem þar er. Mjög mikilvægt er að tekið sé sérstakt tillit til þessa í ljósi sögulegrar tilurðar RAMÝ. Ekkert í frumvarpinu eða skýringum þess tryggir að störf við RAMÝ haldist þar á ársgrundvelli. Frumvarpið gengur auk þess út á að flytja framkvæmdastjórn og þar með sjálfsákvörðunarvald úr héraði með því að leggja niður starf forstöðumanns.

Stjórn NNA tekur undir með umsögnum Þingeyjarsveitar og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra um mikilvægi RAMÝ í rannsóknum á lífríki Mývatns og Laxár, sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og reglugerð um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn nr. 664/2012 og þá áherslu á að starfsemi hennar hafi fast aðsetur í Mývatnssveit þar sem sitji forstöðumaður hennar og leiði rannsóknir samkvæmt lögum og reglugerð þar um. Í stað sameiningar verði litið til þess að ná fram markmiðum hennar með því að efla starfsemi RAMÝ skv. gildandi lögum og reglugerðum þar um og auka samstarf við NNA. Að leiðarljósi verði haft að efla aukinn svæðisbundinn slagkraft í náttúrurannsóknum og samfélag, ásamt því að auka hagræði.

Hvergi er í greinargerð með frumvarpinu minnst á að skoðuð hafi verið samlegð verkefna og ávinningur aukins samstarfs RAMÝ og NNA, þrátt fyrir talsverða skörun og mjög gott samstarf í héraði. Verkefni RAMÝ eru mjög staðbundin og miðast að grunni til við Mývatn og Laxá. Það svæði fellur innan starfssvæðis NNA, sem skilgreint er í samningi sveitarfélaga við ríkið um



rekstur NNA. Stjórn NNA hefur fulla trú á að mörgum þeim markmiðum sem stefnt er að með sameiningu RAMÝ við NÍ, s.s. samnýtingu starfsfólks og búnaðar, sé hægt að ná í vel útfærðu samstarfi við NNA. Þá skal bent á þá fyrirtaks skrifstofu- og rannsóknaaðstöðu sem ríkið hefur komið upp í Gíg í Mývatnssveit og RAMÝ hefur aðgang að, þvert á það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, þar sem talað er um aðstöðuleysi.

Fjöldmörg sterk rök má færa fyrir auknu samstarfi og samlegð NNA og RAMÝ, enda er hlutverk og starfsemi þessara tveggja stofnana um margt lík og þær starfa í sama héraði. Mikil samlegð og aukið hagræði fælist í auknu samstarfi, enda vinna stofnanirnar á sama fagsviði og sinna að miklu leyti sambærilegum verkefnum. Aukið samstarf stofnananna mun því í senn leiða til ýmissar hagræðingar og eflingar rannsókna á lífríki Mývatns- og Laxár og Norðausturlands almennt. Samstarfið mun einnig koma til með að efla þekkingarstarfsemi í Mývatnssveit og Þingeyjarsýslum.

Í ljósi framangreinds leggur stjórn NNA til að ákvæði um sameiningu RAMÝ inn í Náttúrufræðistofnun verði fjarlægð úr frumvarpinu.

2. Stjórn NNA mótmælir því sem fram kemur í frumvarpinu um að forstjóri Náttúrufræðistofnunar geti gert tillögu til ráðherra er varðar starfsemi náttúrustofa. Gert er ráð fyrir að ráðherra geti með reglugerð sett nánari ákvæði um verkefni og starfsemi Náttúrufræðistofnunar að fengnum tillögum forstjóra, þ.m.t. um náttúrustofur. Náttúrustofur eru sjálfstæðar rekstrareiningar í eigu sveitarfélaga skv. núgildandi lögum og ekki er gert ráð fyrir að það breytist með nýjum lögum. Því er óeðlilegt að forstjóra Náttúrufræðistofnunar verði færð þau völd að geta gert tillögu að verkefnum þeirra og starfsemi. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur ekki þau völd í dag. Um væri að ræða grundvallarbreytingu á stjórnskipulagi náttúrustofa, sem ekkert samráð hefur verið haft um.
3. Heiti laga sem varða náttúrustofur þarf að endurspeglar það. Eðlismunur er á Náttúrufræðistofnun og náttúrustofum og því með öllu óeðlilegt að náttúrustofa sé ekki getið í heiti laga sem um þær fjalla. Af sömu ástæðu er eðlilegt að fjallað sé um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur í sitthvorum kafla sameiginlegra laga sem um þær fjalla, líkt og í núgildandi lögum.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Náttúrustofu Norðausturlands,

Margrét Hólm Valsdóttir, stjórnarformaður